

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og móttöku úrgangs í Sveitarfélaginu Skagaströnd.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar ákveður árlegt sorphirðu- og sorpeyðingargjald á fasteignir svo og gjöld fyrir móttöku sorps í endurvinnslustöð.

#### 2. gr.

Heimilt er að leggja gjald á hverja fasteign eftir eðli hennar og notkun; íbúðir, sumarhús, gripahús og atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu. Gjaldið er lagt á og innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið.

#### 3. gr.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld á fasteignir eru:

- a) Sorphirðugjald 34.690 kr./íbúð.  
Innifalið í gjaldinu er reglubundin sorphirða frá heimilum þar með talin losun endurvinnslutunnu hjá þeim sem kjósa að nýta sér þann valkost.
- b) Sorpeyðingargjald 10.920 kr./íbúð eða sumarhús.  
Innifalið í gjaldinu er eyðing almenns heimilissorps og móttaka og eyðing sorps frá heimilum sem berst á endurvinnslustöð.
- c) Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús 3.860 kr./hús í notkun.  
Innifalið í gjaldinu er eyðing úrgangs frá peningshúsum.

#### 4. gr.

Gjaldskrá endurvinnslustöðvar á Skagaströnd

Á endurvinnslustöðinni á Skagaströnd greiða þeir sem koma með úrgang samkvæmt eftirfarandi töflu:

Stærð farms	0,25 (1/4) m <sup>3</sup>	0,50 (1/2) m <sup>3</sup>	0,75(3/4) m <sup>3</sup>	1 m <sup>3</sup>
Gjald	1.000 kr.	2.000 kr.	3.000 kr.	4.000 kr.

Stærri farmar skulu reiknaðir út frá rúmmáli samkvæmt töflunni hér að ofan. Ekki er tekið við stærri förmum er 5 m<sup>3</sup> á endurvinnslustöðinni.

- a) Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: Pappaumbúðir, plastumbúðir, hjólbarða, heyrulluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- b) Íbúar þurfa ekki að greiða móttökugjöld fyrir úrgang sem tengdur er venjulegum heimilisrekstri í endurvinnslustöðinni, sbr. b. lið 3. gr. þessarar gjaldskrár.

#### 5. gr.

Starfsmaður endurvinnslustöðvar ákveður, að fenginni lýsingu úrgangshafa, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskránni. Flutningsaðili á úrgangi á móttökustað ábyrgist greiðslu gjalda skv. gjaldskrá eða gerir grein fyrir með óyggjandi hætti hver sé ábyrgur greiðandi vegna farmsins.

Starfsmaður endurvinnslustöðvar leggur sömuleiðis mat á stærð farms með mælingum og útreikningum. Hann getur einnig tekið á móti staðgreiðslu fyrir hverja afgreiðslu.

#### 6. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að gera sérstakan samning um móttöku úrgangs og aðra þjónustupætti og fela samningsaðila að annast innheimtu skv. gjaldskránni.

## 7. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengis dóm, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöld sem lögð eru á fasteignir eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í allt að tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálslið 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar með vísan í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir var samþykkt á fundi sveitarstjórnar 15. apríl 2015 og staðfest af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra 29. apríl 2015. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og fellur fyrri gjaldskrá sama efnis nr. 240/2011 þá jafnframt úr gildi.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka gjaldskrána árlega í samræmi við breytingar á neysluvísitölu án þess að sú breyting sé auglýst sérstaklega í B-deild Stjórnartíðinda.

*Skagaströnd, 21. maí 2015.*

**Magnús B. Jónsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. júní 2015